

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 633/2014

2015/EES/23/07

frá 13. júní 2014

um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 og I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 að því er varðar sértækar kröfur varðandi meðhöndlun stórra villtra veiðidýra og skoðun villtra veiðidýra eftir slátrun (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu⁽¹⁾, einkum 1. og 2. mgr. 10. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 frá 29. apríl 2004 um sértækar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis⁽²⁾, einkum 1. mgr. 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 853/2004 er mælt fyrir um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu. Í henni er m.a. kveðið á um kröfur um framleiðslu og setningu kjöts af villtum veiðidýrum á markað. Stjórnendur matvælafyrirtækja eiga að tryggja að slíkt kjöt sé aðeins sett á markað ef það er framleitt í samræmi við IV. þátt III. viðauka við þá reglugerð.
- 2) Í tilskipun ráðsins 89/662/EBE⁽³⁾ er kveðið á um að aðildarríki skuli tryggja að heilbrigðiseftirlit með dýrum og dýraafurðum á uppruna- og ákvörðunarstað fari fram á afurðum úr dýraríkinu sem falla undir viðskipti innan Sambandsins.
- 3) Úttektir, sem Matvæla- og dýraheilbrigðisskrifstofa framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins í aðildarríkjunum framkvæmdi á vettvangi Sambandsins, hafa leitt í ljós að viðskipti með óflegin, stór, villt veiðidýr frá veiðistað til samþykkrar starfsstöðvar, sem meðhöndlar veiðidýr, sem staðsett er á yfirráðasvæði annars aðildarríkis er viðtekin venja og um er að ræða verulegan hluta af því kjöti af villtum veiðidýrum sem framleitt er í Sambandinu.
- 4) Þessi venja hefur skapað óvissu varðandi beitingu gildandi ákvæða reglugerðar (EB) nr. 853/2004 í reynd og nauðsyn þess að farið sé að ákvæðum tilskipunar 89/662/EBE, einkum hvernig eigi að uppfylla þá skyldu að tryggja viðeigandi opinbert eftirlit á upprunastað.
- 5) Til að tryggja að ákvæði reglugerðar (EB) nr. 853/2004 og tilskipunar 89/662/EBE séu uppfyllt er því nauðsynlegt að bæta við ákvæði reglugerðar (EB) nr. 853/2004 um flutning og viðskipti með óflegin, stór, villt veiðidýr vottun þess efnis að ákvæði ESB séu uppfyllt á upprunastað. Í því skyni að komast hjá óhóflegri stjórnsýslubyrði ætti að heimila aðra aðferð, sem byggir á yfirlýsingu þjálfaðs aðila, ef starfsstöðin sem meðhöndlar veiðidýr, sem er í námunda við veiðistaðinn, er í öðru aðildarríki.
- 6) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 853/2004 til samræmis við það.
- 7) Í VIII. kafla IV. þáttar í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 854/2004 eru settar fram sértækar kröfur um opinbert eftirlit að því er varðar kjöt af villtum veiðidýrum. Samkvæmt ákvæðunum sem sett eru fram í þeim kafla ætti opinberi dýralæknirinn við starfsstöðina sem meðhöndlar veiðidýr að taka mið af yfirlýsingunni eða upplýsingunum meðan skoðun fer fram eftir slátrun sem þjálfaði aðilinn, sem tók þátt í að veiða dýrið, lét í té í samræmi við reglugerð (EB) nr. 853/2004. Í tilvikum þegar óflegin, stór, villt veiðidýr eru flutt frá veiðistað í öðru aðildarríki er rétt að opinberu dýralæknarnir gangi einnig úr skugga um að viðeigandi vottorð fylgi sendingunni og taki tillit til upplýsinganna sem koma fram í vottorðinu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 175, 14.6.2014, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 34/2015 frá 20. mars 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, bíður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 206.

⁽³⁾ Tilskipun ráðsins 89/662/EBE frá 11. desember 1989 um dýraheilbrigðiseftirlit í viðskiptum innan Bandalagsins til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á (Stjtið. EB L 395, 30.12.1989, bls. 13).

- 8) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 854/2004 til samræmis við það.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 854/2004 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 1. maí 2014 fyrir allar vörusendingar sem koma til viðtökuaðildarríkis frá og með þeim degi.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. júní 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

I. VIÐAUKI

Í stað 8. liðar II. kafla IV. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 komi eftirfarandi:

„8. Auk þess, að því er varðar óflegið, stórt, villt veiðidýr:

a) er einungis heimilt að flá það og setja á markað ef:

- i. kjötið er geymt og meðhöndlað aðskilið frá öðrum matvælum fyrir fláningu og ekki fryst,
- ii. fram fer lokaskoðun á því eftir fláningu í starfsstöð sem meðhöndlar veiðidýr í samræmi við reglugerð (EB) nr. 854/2004,

b) er ekki heimilt að senda það til starfsstöðvar sem meðhöndlar veiðidýr í öðru aðildarríki nema því fylgi, við flutning til starfsstöðvarinnar sem meðhöndlar veiðidýr, vottorð sem samræmist fyrirmyndinni sem sett er fram í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 636/2014(*), sem opinber dýralæknir gefur út og undirritar, þar sem staðfest er að kröfurnar, sem eru settar fram í 4. lið að því er varðar tiltækileika yfirlýsingar, eftir því sem við á, og að viðeigandi hlutar dýrsins fylgi með, hafi verið uppfyllt.

Ef starfsstöðin sem meðhöndlar veiðidýr, sem er í námunda við veiðistaðinn, er í öðru aðildarríki er ekki þörf á að vottorð fylgi flutningi að starfsstöðinni heldur þarf yfirlýsing þjálfafa aðilans, sem um getur í 2. lið, að fylgja til að uppfylla ákvæði 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 89/662/EEB, að teknu tilliti til heilbrigðisástands dýra í upprunaaðildarríkinu.“

(*) Stjtið. ESB L 175, 14.6.2014, bls. 16.

II. VIÐAUKI

Í A hluta VIII. kafla við IV. þátt I viðauka við reglugerð (EB) nr. 854/2004 bætist við eftirfarandi liður 2a:

„2a. Opinberi dýralæknirinn skal ganga úr skugga um að heilbrigðisvottorð, sem samræmist fyrirmyndinni sem sett er fram í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 636/2014(*), eða yfirlýsingin eða yfirlýsingarnar fylgi með óflegna, stóra, villta veiðidýrinu, sem flutt er til starfsstöðvar sem meðhöndlar veiðidýr frá yfirráðasvæði annars aðildarríkis, í samræmi við b-lið 8. liðar í II. kafla IV. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004. Opinberi dýralæknirinn skal taka mið af innihaldi vottorðsins eða yfirlýsingarinnar eða yfirlýsinganna.“

(*) Stjtið. ESB L 175, 14.6.2014, bls. 16.